

Reykjavík, 8. mars 2011.

Umsöng um bingskjal 328, mál 285.

Varpað er fram hugmynd um stofnun handverksdeildar innan Listaháskóla Íslands. Það er vissulega mikilvægt að rækta sérstöðu okkar og hefðir eins og fram kemur í tillögunni – og ekki síður að finna þeim sess í nútímanum.

Listnám hefur verið í örri þróun undanfarna áratugi og mikil áhersla lögð á að nemendur þrói hugarheim sinn. Minni áhersla hefur verið lögð á verkvit, aðferðir og skilning á eiginleikum ýmissa efna. Segja má að þessi þróun sé í takti við hugmyndir um að heimurinn sé að skreppa saman, upplýsingar og hugmyndir séu hinar nýju auðlindir samtímans á meðan framleiðsla er flutt þangað sem vinnuafli er ódýrast. En um leið verður skýrara mikilvægi þess að rækta sérstöðuna. Þetta er nú þegar gert í gegnum hugmyndir eins og slow-design og slow food, „heima í héraði“ og „beint frá bónda“ sem hlotið hafa brautargengi í Listaháskóla Íslands.

Í Myndlistaskólanum í Reykjavík hefur verið lögð rækt við hugmyndir þar sem verkvitið er einn af útgangspunktum – skoðað er hvernig hugmyndir spretta frá efniviðnum og hvaða möguleika megi sjá í okkar nánasta umhverfi. Með þessarar hugmyndir að leiðarljósi hafa verið stofnaðar þrjár nýjar deildir við skólann, Mótun-leir og tengd efni, Textill og Teikning en námið er í samvinnu við Tækniskólann. Allar deildirnar eru tveggja ára fullt nám þar sem mikil áhersla er lögð á efni og aðferðir, tengsl við atvinnulífið, íslenskan efnivið og hugmyndaheim. Eftir að nemendur hafa lokið tveimur árum á Íslandi geta þeir fengið nám sitt að fullu metið við erlenda listaháskóla, víkkað sjóndeildarhring sinn, aukið sérhæfingu og sett þekkingu sína í samhengi – og um leið lokið BA- námi. Námið í Teikningu og Textil hófst sl. haust og er í samvinnu við fjóra erlenda listaháskóla í Noregi, Danmörku, Englandi og Skotaiandi – auk Tækniskólans, Menntamálaráðuneytis, CCP tölvuleikjafyrirtækis og fatahönnuðarins STEINUNN.

Ef til vill gæti Listaháskólinn átt í samstarfi við ýmsar námsstofnanir víða um land og virkjað þannig þekkingu og kunnáttu sem fyrir er í landinu – líkt og gert hefur verið með ýmsum verkefnum í Listaháskólanum eins og t.d. í vöruhönnun (Beint frá býli). Með þessu móti væru hefðir og handverk tengdar á áhugaverðan hátt við nútímann. Á Austfjörðum hefur t.d. verið lögð rækt við nýtingu ýmissa efna sem til falla í héraði líkt og við, hreindýrhorn og skinn, einnig má nefna starf Textílsetursins á Blönduósi, Heimilisiðnaðarfélagssins og Fornverkaskólans sem ástæða væri að efla. Mikilvægt er að byggja undir og rækta það sem fyrir er og kortleggja þá þekkingu betur svo nýta megi hana í margs konar samhengi. Í framtíðinni kynna að vera áhugavert að stofan deild við Listaháskólann en ekki eins og sakir standa. Tillagan eins og hún er sett fram tekur hvorki tillit til þeirrar menntunar sem boðið er upp á í landinu á háskólastigi nú þegar, eða er í sambandi við það hvernig menntun hefur þróast síðustu áratugi hér á landi og í nágrennalöndum okkar. Mikilvægt er að horft sé til framtíðar og að öli menntun sé í takti við samtíma sinn.

Með bestu kveðjum,

Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík